


Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. janúar 2012

Tilvísun: UST20111000089/ksj

## Deiliskipulag Arnarness. Greinargerð og skipulagsskilmálar. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Arnarness í Garðabæ.

### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð er sá hluti Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Garðabæjar með fjörum ásamt grunnsævi alls um 4,2756 ferkílómetrar friðlýstur sem búsvæði skv. 3.tl. 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Einnig kemur fram í greinargerð og á uppdrætti að friðlýsta svæðið innan ofangreinds deiliskipulags er aðgengilegt almenningi og er útivistartígur meðfram strandlengjunni. Umhverfisstofnun tekur undir skipulagið á friðlýsta svæðinu og minnir á mikilvægi þess að rask við stígagerð í fjörunni verði í algjöru lágmarki.

### Hljóðvist

Í kafla um hljóðvist og hljóðskermun kemur fram að nokkur hús við Súlunes og Hegranes búi við slæmt ástand hvað varðar hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008 skulu hljóðvistarmörk við húsvegg á íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum vera 55 dB jafngildishljóðstig. Umhverfisstofnun

bendir á að æskilegt væri að framtíðar hljóðvarnir fyrir þau hús er búa við slæmt ástand hvað varðar hljóðvist kæmu fram á deiliskipulagstillögunni.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur